



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun PFS nr. 10/2015
varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsöluverðum fyrir
aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki

(markaður 1)

1. júní 2015

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1	Inngangur.....	3
1.1	Málsatvik.....	3
1.2	Ákvörðun PFS nr. 8/2013.....	3
1.2.1	Kvöð um eftirlit með gjaldskrá.....	3
1.3	Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA	4
2	Kostnaðargreining Símans.....	5
2.1	Endurskoðuð kostnaðargreining.....	5
2.1.1	Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)	5
2.1.2	Fjárfestingar.....	6
2.1.3	Rekstrarkostnaður.....	7
2.1.4	Magntölur	7
2.1.5	Niðurstaða kostnaðargreiningar Símans	7
3	Afstaða PFS.....	10
3.1	Inngangur.....	10
3.2	Niðurstaða	11
3.2.1	Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)	11
3.2.2	Fjárfestingar.....	12
3.2.3	Rekstrarkostnaður.....	12
3.2.4	Fjöldi porta	12
3.2.5	Niðurstaða um gjaldskrá.....	13



1 Inngangur

1.1 Málsvik

Með bréfi, dags. 21. maí 2014, lagði Síminn hf. (hér eftir Síminn) fram endurskoðaða kostnaðargreiningu fyrir heildsöluáðgang að almenna talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki (markaður 1).

Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang að talsímaneti félagsins sem hér er til umfjöllunar byggir á þeim kvöðum sem lagðar voru á fyrirtækið með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) nr. 8/2013.

1.2 Ákvörðun PFS nr. 8/2013

PFS tók ákvörðun nr. 8/2013¹, dags. 18. júní 2013, að lokinni markaðsgreiningu á markaði 1 (áður markaði 1-2) þar sem Síminn var útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum markaði og viðeigandi kvaðir lagðar á fyrirtækið.

Markaður 1 er skilgreindur sem:

Smásöllumarkaður fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki.

PFS komst að þeirri niðurstöðu að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 1, og hefur útnefnt félagið með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. PFS lagði eftirfarandi heildsöluþvæðir á Símann á markað 1:

- Kvöð um forval og fast forval
- Kvöð um heildsöluáðgang að tengingum við talsímanetið
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá
- Kvöð um kostnaðarbókhald

1.2.1 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með tilvísun í 32. gr. laga um fjarskipti ákvað PFS að viðhalda kvöð á Símanum um eftirlit með gjaldskrá fyrir heildsöluáðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki. Síminn skildi leggja fyrir stofnunina til samþykktar gjaldskrá fyrir heildsöluáðgang að talsímanetinu, þ.m.t. fast forval (FF) og fast forval – einn heildstæður reikningur (FFER). Í samræmi við 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti, skildi gjaldskráin fyrir viðkomandi heildsöluáðgang vera kostnaðarviðmiðuð, þar sem kostnaður væri heimfærður á viðkomandi þjónustur (FAC). PFS væri heimilt að taka tillit til sambærilegrar þjónustu sem teldist rekin á hagkvæman hátt, og leiðréttu verð ef sérstök þörf væri talin á að mati stofnunarinnar út frá slíkum samanburði. Jafnframt væri PFS heimilt að gera verðsamanburð á niðurstöðu kostnaðargreiningarinnar við gjaldskrár á EES-svæðinu.

¹ Sjá vefslóð: http://pfs.is/default.aspx?cat_id=272&module_id=210&element_id=2193



Við framkvæmd kostnaðargreiningar sinnar skildi Síminn byggja á IV. kafla reglugerðar nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, s.s. um mat rekstrarfjármuna, líftíma og ávöxtunarkröfu.

Við ákvörðun verðs fyrir heildsöluaðgang að fasta talsímanetinu fyrir heimili og fyrirtæki væri Símanum heimilt að endurskoða fyrri kostnaðargreiningu sína á grundvelli þess kostnaðarlíkans sem sú greining byggði á.

Síminn skildi skila ofangreindri kostnaðargreiningu í síðasta lagi sex mánuðum frá birtingu ákvörðunarinnar. Ný heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að fasta talsímanetinu tæki ekki gildi fyrr en samþykki PFS lægi fyrir, að undangengnu innanlandssamráði og samráði við ESA.

1.3 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Frumdrög að ákvörðun voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 22. desember 2014 og lauk samráðinu þann 13. febrúar sl. Athugasemdir bárust frá Hringiðunni ehf. (Hringiðan) og Símafélaginu ehf. (Símafélagið). Samantekt þeirra athugasemd sem bárust ásamt afstöðu PFS má finna í viðauka II.

Drög að ákvörðuninni, voru send ESA og öðrum eftirlitsstofnunum á EES-svæðinu til samráðs þann 24. apríl sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 21. maí 2015 barst álit ESA.

Í álitinu sínu þá veur ESA athygli á því að nokkur tími sé liðinn frá því að PFS birti ákvörðun sína um markaðsgreiningu og álagningu kvaða á markaði 1, á árinu 2013. Í því ljósi bendir ESA á að PFS skuli ekki draga það að beita þeim kvöðum sem stofnunin hefur ákvarðað í kjölfar markaðgreiningar.

Þá veur það athygli ESA að PFS hyggst krefja Símann um nánari útreikninga á kostnaði ákveðinna þátta í stað þess að miða við fasta prósentuálagningu í næstu kostnaðargreiningu á þessum markaði. Með það fyrir augum að stuðla að skilvirkni og til að sjá til þess að gagnsæi og fyrirsjáanleiki ríki gagnvart öðrum markaðsaðilum hvetur ESA til þess að PFS sjái til þess að næsta kostnaðargreining sé framkvæmd tímalega svo að hægt sé að ákvarða allan þann kostnað sem verður til í hagkvæmum rekstri við að veita aðgang á þessum markaði.

2 Kostnaðargreining Símans

2.1 Endurskoðuð kostnaðargreining

Í erindi Símans, dags. 21. maí 2014, kom fram að kostnaðargreining hafi verið send til PFS í maí 2011, og var lögð til grundvallar í ákvörðun PFS nr. 21/2011 um núverandi heildsölugjaldskrá Símans fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki. Greiningin tók mið af þeim vinnuaðferðum sem þróast höfðu á milli aðila í undangengnum kostnaðargreiningum, sem byggðu á sögulegum kostnaði. Átti það m.a. við um rekstrarkostnað, líftíma, einingarfjölda og ávöxtunarkröfu.

Eftirfarandi væri endurskoðuð kostnaðargreining Símans á framangreindum grundvelli á þjónustu sem áður tilheyrði mörkuðum 1 og 2 en nú markaði 1, þ.e. heildsöluaðgangur að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki og þjónusta sem fellur undir fast forval (FF) og fast forval einn reikningur (FFER).

2.1.1 Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Eftirfarandi kom fram hjá Símanum:

„Veginn meðalkostnaður fjármagns (e. WACC) er reiknaður með sömu aðferðafræði og notuð hefur verið í kostnaðargreiningum Símans.

Raunávöxtunarkrafa (WACC)	WACC Síminn 2013
Áhættulausir vextir	3,26%
Áhættuálag á vexti	3,00%
Ávöxtunarkrafa lánsfjár	6,26%
Markaðsálag	5,00%
Sérstakt áhættuálag	0,00%
Óvogað beta-gildi	0,50
Vogað beta-gildi	0,77
Eiginfjárhlufall	60,00%
D/E	0,67
Skatthlutfall	20%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár (eftir skatta)	7,09%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár (fyrir skatta)	8,86%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	7,82%

Við mat á áhættulausum vöxtum er miðað við 5 ára meðaltal fyrir skuldabréfaflokkinn HFF 150644 verðtryggð íbúðabréf Íbúðalánasjóðs. Rétt þykir að nota 5 ára meðaltal í stað þess að miða við vexti eins og þeir voru að meðaltali árið 2013. Er það gert til að draga úr árlegum sveiflum á vaxtastigi. Er þetta í samræmi við aðferðafræði við útreikning á WACC kröfur í kostnaðargreiningum Mílu sem PFS hefur samþykkt.

Við mat á áhættu- og markaðsálagi er miðað við þróun undangenginna ára og niðurstöður úr fyrri kostnaðargreiningum. Rétt þykir að miða við óvogað betagildi 0,5 og 60% eiginfjárhlufall sem er í takt við gildi erlendra viðmiðunarfélaga.



Pannig er útreiknað WACC fyrir Símann árið 2013 7,82%. Er sú ávöxtunarkrafa notuð í þessari kostnaðargreiningu.

2.1.2 Fjárfestingar

Fram kom hjá Símanum að ein meginforsendan við mat á kostnaðargrunni talsímanetsins sé mat á undirliggjandi fjárbindingu. Fjárfestingar í talsímaneti eru margar komnar til ára sinna en eru þrátt fyrir það enn í notkun og því hluti af því kerfi sem notað er til að veita þjónustuna. Erfitt reyndist að nálgast sögulegt kostnaðarverð á þeim fjárfestingum sem eru grunnur að núverandi talsímakerfi. Í kostnaðargreiningu sem lögð var fyrir PFS til samþykktar árið 2011 var því fjárbinding í talsímkerfinu metin með því að nálgast sviptivirði fjárfestinganna út frá áætluðu endurstofnverði talsímakerfisins. Metið var hvert endurstofnverð sambærilegs kerfis yrði miðað við þáverandi verðlag og aðstæður. Við mat á fjárbindingu var reynt að nálgast sviptivirði eignanna út frá endurstofnverði í stað þess að byggja á sögulegum kostnaði. Í greiningunni var reiknað endurstofnverð fyrir hvern og einn eignaflokk sem tilheyrir aðgangshluta talsímakerfisins. Stuðst var við raunkostnað á nýlegum fjárfestingum, verðskrár frá birgjum og mat starfsmanna tæknisviðs og heildsölu Símans. Einnig var listi yfir tryggingaverðmæti eigna í talsímakerfinu lagður til grundvallar við matið.

Í uppfærðri greiningu nú er byggt á sömu forsendum við mat á fjárbindingu. Áætlað sviptivirði undirliggjandi fjárfestinga hefur verið endurmetið miðað við nýjustu fyrirbyggjandi upplýsingar, s.s. breytingar á gengi gjaldmiðla og uppfærðu tryggingaverðmæti eigna.

Útstigum (RSS staðir) fækkar um 9 frá fyrri greiningu og einnig hefur svæðisstöðvum (Local Exchange) fækkað um 1 þar sem símstöðin Miðbær hefur verið lögð niður. Fjárfbindingu sem viðkemur útstigum og símstöðvum er skipt niður á markað 1 annars vegar og markaði 2-3 hins vegar með sama hætti og gert var í fyrri greiningu. Notuð eru sömu hlutföll við skiptingu og áður. Niðurstaðan er að þessi fjárfesting skiptis þannig að 81,8% tilheyra markaði 1, en 18,2% tilheyri mörkuðum 2-3.

Uppfærð fjárbinding vegna aðgangs að almenna talsímakerfinu á markaði 1 er því eftirfarandi:
[...]²

Miðað við ofangreint er áætlað endurstofnverð fjárfestinga samtals [...] kr. og árgreiðsla [...] kr. og er þá miðað við 7,82% WACC kröfu á fjárbindingu og 10 ára líftíma, en líftími er óbreyttur frá fyrri greiningu.

Stofnverð lækkar um [...] kr. frá fyrri greiningu og árgreiðsla lækkar um tæpar [...] kr.

Í kostnaðargreiningu árið 2011 voru lagðir fram útreikningar vegna fast forval þjónustunnar, þ.e. fast forval og fast forval einn reikningur (FFER). Í þessari kostnaðargreiningu eru verð uppfærð með sömu aðferðarfræði og í fyrri greiningu (ákv. PFS nr. 21/2011).

Forsendur verðlagningar á þessum þjónustuþáttum byggir á kostnaðargreindum verðum þar sem því er viðkomið en annars er miðað við smásölu mínus aðferðina með stuðlinum 20%. Verðlagning byggir á kostnaði frá Mílu auk álags vegna umsýslu og vinnu tæknimanna Símans.

² Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.



Verð á vinnu tæknimanna er samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu og þjónustu hjá Símanum og verðflokki viðkomandi starfsmanna sem að verkinu koma.

2.1.3 Rekstrarkostnaður

Eftirfarandi kom fram hjá Símanum:

„Rekstrarkostnaður byggir á sömu kostnaðarliðum og voru í kostnaðargreiningu árið 2011. Rekstrarkostnaður árið 2013 var samtals [...] kr. kostnaðar vegna fjárbindingar. Sambærilegur kostnaður var [...] kr. í greiningu árið 2011 (greining 2011 byggði að mestu á rekstrarkostnaði árið 2008). Hækkunin er [...]. Á sama tíma eða frá 2008 til 2013 hækkaði vísitala neysluverðs um 34,1% og skýrist því mikil hækkun nær alfarið af verðlagsbreytingum á tímabilinu.

Stærstur hluti rekstrarkostnaður er [...] kr. árið 2013. Aðgangur að tengigrind sem einnig er keyptur af Mílu var [...] kr. og innri vinna starfsmanna Símans við viðhald á aðgangshluta talsímakerfisins er áætluð [...] kr. á árinu 2013.

Í greiningu sem unnin var árið 2009 og uppfærð árið 2011 var ekki gert ráð fyrir að markaðir 1 og 2 tækju þátt í hýsingarkostnaði vegna stærri símstöðva (Local Exchange stöðvar) heldur var allur kostnaður vegna þeirra færður á markað 8-10. Ljóst er að hluti af rekstri þessara stöðva fer í að þjóna aðgangshlutanum (útstigi) og því þykir rétt að leiðrétta þá forsendu hér. Nú er því gert ráð fyrir að aðgangshluti talsímakerfisins beri [...] af hýsingarkostnaði þessara stöðva. Þessi breyting skýrir tæpar [...] kr. af hækkun á hýsingarkostnaði milli kostnaðargreininga.“ [...]

2.1.4 Magntölur

Eftirfarandi kom fram hjá Símanum:

„Árgreiðslu fjárfestinga og rekstrarkostnaði ársins er deilt niður á tekjuskapandi einingar. Miðað er við fjölda porta sem eru í notkun og þeim breytt yfir í leiguígildi fyrir POTS aðgang með því að gera ráð fyrir ákveðnum álagsstuðli fyrir ISDN aðgang. Þannig voru [...] port í notkun 30. júní 2010 þegar síðasta kostnaðargreining var unnin eða [...] port umreiknað ígildi POTS porta. Fjöldi porta í notkun hefur farið fækkandi á undanförunum misserum samhliða minnkandi notkun á talsímakerfinu. 30. júní 2013 voru [...] port í notkun eða [...] ígildisport. Ígildisportum hafði því fækkað um [...] á tímabilinu. Í lok árs 2013 voru ígildisport komin í [...] fækkun frá miðju ári 2010. Lagt er til að notaður verði fjöldinn eins og hann var um mitt ár 2013 til samræmis við vinnulag í fyrri greiningum.“

2.1.5 Niðurstaða kostnaðargreiningar Símans

Eftirfarandi kom fram hjá Símanum:

„Miðað við ofangreindar forsendur verður ný verðskrá Símans fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki sem hér segir.



Aðgangsléið - tegund þjónustu	Núverandi verð	Nýtt verð	Breyting
POTS (per port í stöð)	227 kr.	252 kr.	11,1%
ISDN grunntenging	408 kr.	454 kr.	11,1%
ISDN stofntenging 30 rásir	3.402 kr.	3.781 kr.	11,1%

Mánaðargjald fyrir aðgang að símsstöð fyrir FFER, skv. töflu 4.4.1 í viðmiðunartilboði verður því:

Aðgangsléið - tegund þjónustu	Núverandi verð	Nýtt verð	Breyting	Verð frá Mílu	Álagning	Samtals heilðsöluverð	Verð fyrir breytingu	Breyting
POTS (per port í stöð)	227 kr.	252 kr.	11,1%	1.042 kr.	208 kr.	1.502 kr.	1.477 kr.	1,7%
ISDN grunntenging	408 kr.	454 kr.	11,1%	1.042 kr.	208 kr.	1.704 kr.	1.659 kr.	2,7%

Afsláttur fyrir POTS tengingar (port í símsstöð) verður með sama hætti og er í núverandi samtengisamningi (sjá lið 4.4.1):

Fjöldi tenginga	Mánaðargjald með afslætti	Afsláttur
0 - 999	1.502 kr.	0,00%
1.000 - 1.999	1.439 kr.	4,20%
2.000 - 2.999	1.426 kr.	5,10%
3.000 - 3.999	1.406 kr.	6,40%
4.000 - 4.999	1.381 kr.	8,10%
5.000 og fleiri	1.348 kr.	10,30%

Mánaðar- og tengigjöld fyrir aðra þjónustubætti verða eftirfarandi, sjá töflu 4.4.1 í viðmiðunartilboði.

Innvöl og stofntengingar	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heilðsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) innan símetövar	4.527 kr.	3.781 kr.	905 kr.	9.213 kr.	Niðurst.úr kostn.gr. M1	8.835 kr.	4,3%
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símetövar	13.987 kr.	3.781 kr.	2.797 kr.	20.565 kr.	Niðurst.úr kostn.gr. M1	20.186 kr.	1,9%
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símetövar km	546 kr.	- kr.	109 kr.	655 kr.		655 kr.	0,0%

Verð fyrir FFER þjónustubætti var ákvarðað af PFS með ákvörðun nr. 19/2011 í kjölfar kostnaðargreiningar. Niðurstaða þar var að afgreiðsla hvernar beiðni tæki 9 mínútur og var vinna tæknimanns Símans verðlögð skv. taxa C í verðskrá fyrir vinnu og þjónustu hjá Símanum. Taxtinn var þá 6.604 kr. á tímann og hafði ekki breyst síðan í upphafi árs 2008. Verð fyrir taxtann C er nú á 8.629 kr. á tímann og hefur því hækkað um rúm 30% frá því fyrri kostnaðargreining var gerð. Launavísitala hefur hækkað um 26,5% frá meðalvísitölu ári 2010 til mars 2014 og um tæp 38% frá meðalvísitölu árið 2008.

Verð fyrir ýmsa þjónustubætti tengt föstu forvali (tengigjald) sbr. liður 4.3 verður því:

Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heilðsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Fast forval innanlands		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,8%
Fast forval til útlanda		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,8%
Fast forval innanlands og til útlanda í sömu beiðni		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,8%
Mánaðargjald fyrir 100 tengingar eða meira í einu (50% afsláttur)		647 kr.		647 kr.	Ákv. PFS 19/2011	495 kr.	30,7%



Á sama hátt breytist verð fyrir FFER (tengigjald) sbr. liður 4.4.1 og verður því:

Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Fast forval (FF) breytt í FFER		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%
POTS eða ISDS breytt í FFER		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%
FFER breytt í fast forval (FF)		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%
Breyting sérþjónustu		1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%
Málgjald fyrir 100 tengingar eða meira í einu (50% afsláttur)		647 kr.		647 kr.	Ákv. PFS 19/2011	495 kr.	30,7%

Verð fyrir aðra þjónustubætti (mánaðargjald) skv. lið 4.4.1 verður:

	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Beint innval - númerasería		32 kr.		32 kr.	Smás ala mínus 20%	31 kr.	2,8%
FFER - aukanúmer		66 kr.		66 kr.	Smás ala mínus 20%	66 kr.	0,0%
Sundurliðun pr. númer		636 kr.		636 kr.	Smás ala mínus 20%		

Stofngjald fyrir aðra þjónustubætti, liður 4.4.2 í viðmiðunartilboði verður því skv. neðangreindu. Ekki er reiknað álag á kostnað frá Mílu þegar um stofngjöld er að ræða.

Innvöl og stofntengingar	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Stofngjald Stofntenging ISDN	73.063 kr.	12.635 kr.		85.698 kr.	60 mín vinnutæknimanna	81.533 kr.	5,1%
Stofngjald BI 100 númer		12.749 kr.		12.749 kr.	Smás ala mínus 20%	13.387 kr.	-4,8%
Stofngjald BI 10 númer		3.506 kr.		3.506 kr.	Smás ala mínus 20%	3.682 kr.	-4,8%
Stofnverð PBX		5.054 kr.		5.054 kr.	24 mínútna vinnu tæknimanna, lækkað í 20 mín.	4.061 kr.	24,5%
Stofnverð fyrir hverja línu í PBX		632 kr.		632 kr.	3 mínútna vinnu tæknimanna. Öbreyt.	508 kr.	24,4%

Önnur þjónustugjöld	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Viðtökugjald númeraseríu		6.362 kr.		6.362 kr.	Smás ala mínus 20%	6.627 kr.	-4,0%
Viðtökugjald talsíma umframnr.		160 kr.		160 kr.	Smás ala mínus 20%	167 kr.	-4,2%
Stofngjald sundurgreining notkunar á innvali		5.719 kr.		5.719 kr.	Smás ala mínus 20%		

Liður 4.5 verð fyrir aðgang að sérþjónustu hefur ekki verið endurskoðað og verður því óbreytt 40 kr. á mánn. fyrir hvert númer.

Verð fyrir aðrar þjónustubeiðnir, sbr. liður 4.6 verður:

Afgreiðslugjald (stofngjald)							
Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð	Forsendur verðs frá tæknisviði	Verð fyrir breytingu	Breyting
Nýttenging	3.166 kr.	1.294 kr.		4.460 kr.	Ákv. PFS 19/2011	4.047 kr.	10,2%
Flutningur á heimasíma	3.166 kr.	1.294 kr.		4.460 kr.	Ákv. PFS 19/2011	4.047 kr.	10,2%
Geymsla á síma (allt að 24 mánn.)	- kr.	1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%
Endurtenging á sama stað	3.166 kr.	1.294 kr.		4.460 kr.	Ákv. PFS 19/2011	4.047 kr.	10,2%
Númeraskipti	- kr.	1.294 kr.		1.294 kr.	Ákv. PFS 19/2011	991 kr.	30,6%

Liður 6.1 verð fyrir upplýsingar um samtengiumferð hefur ekki verið endurskoðað og verður því óbreytt. “



3 Afstaða PFS

3.1 Inngangur

Í kostnaðargreiningu Símans eru til umfjöllunar heildsöluverð fyrir aðgang að talsímaneti Símans, sem byggð eru á sögulegum kostnaði í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins. PFS bendir á að sönnunarbyrðin fyrir því að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir á Símanum í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Um er að ræða heildsöluverð fyrir aðgang að POTS eða ISDN tengingum á markaði 1. PFS hefur áður tekið ákvörðun nr. 21/2011 er varðar kostnaðargreiningu á viðkomandi aðgangi. Frá þeim tíma hefur gjaldskráin hækkað tvisvar vegna hækkunar á neðra tíðnisvið heimtaugar, þ.e. 1. mars 2012 og 1. ágúst 2013.

Við val á aðferð til ákvörðunar gjaldskrár telur PFS rétt að leggja áherslu á að aðferðin gefi kost á niðurstöðu sem er sanngjörn og fyrirsjáanleg fyrir notendur og á sama tíma í takt við kostnað hagkvæms rekens talsímanets. Í 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að PFS geti krafist þess að útreikningar á kostnaði taki mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem er hagkvæmilega rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

PFS byggir aðferðarfræði sína við yfirferðina á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerð nr. 564/2011³, tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA og afstöðu BEREC (áður ERG) eftir því sem við á. Styðst stofnunin einnig við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg, Ibbotson og Cullen International, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu í kostnaðargreiningu talsímaneta til hliðsjónar.

Kostnaðargreining Símans fyrir leigu á talsímalínunum á heildsölustigi byggði á kostnaðargreiningu Símans fyrir heildsöluverð fyrir upphaf, lúkningu og umflutning í talsímaneti Símans. PFS hefur framangreinda kostnaðargreiningu, sem lauk með ákvörðun stofnunarinnar nr. 15/2011, til hliðsjónar við mat sitt. Í ákvörðuninni koma fram forsendur og afstaða PFS varðandi helstu þætti sem stofnunin leggur til grundvallar við mat á kostnaðargreiningu Símans, s.s.:

- Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)
- Fjárfestingar
- Rekstrarkostnaður
- Aðferðarfræði við heimfærslu kostnaðar
- Veltufjárbinding

PFS byggir yfirferð sína á kostnaðargreiningu, sem Síminn sendi til PFS þann 21. maí sl., á þeirri aðferðarfræði sem beitt var í ákvörðunum stofnunarinnar nr. 15/2011 og 21/2011. Sjá einnig ákvörðun nr. 19/2011 um viðmiðunartilboð á mörkuðum 1-2 og kostnaðargreiningu vegna fast forval einn reikningur.

³ Reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.



Upphæðir eru án virðisaukaskatts ef annað er ekki tekið fram.

3.2 Niðurstaða

Í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá sbr. ákvörðun PFS nr. 8/2013 hefur PFS yfirfarið endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans, sem félagið lagði fram í maí sl.

3.2.1 Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC)

Við útreikning á árgreiðslu fjárfestinga reiknar Síminn með vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC) 7,82%, en niðurstaða PFS er að notast við kröfuna 7,6%.

Í 16. gr. reglugerð nr. 564/2011 um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspeglar tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálag, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) fyrir einstaka fjarskiptamarkaði út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og -skulda.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS er sýndur í töflunni hér að neðan.

Útreikningur á ávöxtunarkröfu fjarskiptafyrirtækis á Íslandi

<i>Ávöxtunarkrafa</i>	<i>2013</i>
Áhættulausir vextir	3,13%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	6,71%
Áhættulausir vextir	3,13%
Skuldaálag	3,00%
Kostnaður skulda	6,13%
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	4,90%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,38%
WACC fyrir skatta (pre-tax)	7,6%

Mat PFS á vegnum meðalkostnað fjármagns (WACC real) fjarskiptafyrirtækis á Íslandi er 7,6% fyrir árið 2013 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar



eru í sambandi við þjónustuframboð félagsins. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.

3.2.2 Fjárfestingar

Í endurskoðaðri kostnaðargreiningu Símans var lagt mat á sviptivirði fjárfestinga í talsímaneti félagsins út frá endurstofnverði miðað við núverandi verðlag og aðstæður í stað þess að nota sögulegan kostnað úr bókhaldi félagsins. Metið var hvert endurstofnverð sambærilegs kerfis yrði miðað við núverandi uppbyggingu og fjölda staða, s.s. varðandi símsstöðvar og útstig.

Við útreikning á árgreiðslu fjárfestinga reiknar Síminn með 10 ára líftíma eins og í fyrri greiningu.

Fjárfestingu sem viðkemur útstigum og símsstöðum er skipt niður á markað 1 annars vegar og markaði 2-3 hins vegar. Notuð eru sömu hlutföll við skiptingu og í fyrri greiningu frá 2011. Niðurstaðan þar var að þessi fjárfesting skiptist þannig að 81,8% tilheyrðu markaði 1 en 18,2% tilheyrðu mörkuðum 2-3.

Niðurstaða Símans er að endurstofnverð fjárfestinga á markaði 1 er metið [...] kr. og árgreiðsla [...] kr., sem PFS lækkar í [...] kr. á árinu 2013 vegna lægri ávöxtunarkröfu. Lækkun árgreiðslu frá árinu 2011 er [...], sem er umtalsverð raunlækkun.

3.2.3 Rekstrarkostnaður

Miðað er við rekstrarkostnað ársins 2013 í greiningu Símans og byggt á sömu forsendum og gert var í fyrri greiningu á árinu 2011. Megin kostnaðarliðir eru húsaleiga hjá Mílu ásamt rafmagnskostnaði, leiga fyrir aðgang að tengigrindum Mílu og viðhaldsvinna. Rekstrarkostnaður er því að uppistöðu fastur kostnaður og vegur um [...] af árlegum heildarkostnaði.

Rekstrarkostnaður er metinn [...] kr. á árinu 2013 sem er [...] hækkun frá rekstrarkostnaði í fyrri ákvörðun sem byggði að mestu á kostnaði ársins 2008. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 34%. Hækkum rekstrarkostnaðar frá fyrri greiningu til ársins 2013 skýrist annars vegar á hækkun á aðkeyptri þjónustu frá Mílu og hins vegar á endurskoðun á kostnaðardreifingu vegna stærri símsstöðva milli markaða 1 annars vegar og 2-3 hins vegar, sem hækkar kostnað um [...] kr. frá fyrri greiningu.

[...]

3.2.4 Fjöldi porta

Síminn miðar við fjölda porta sem eru í notkun og þeim breytt yfir í leiguígildi fyrir POTS aðgang með því að gera ráð fyrir ákveðnum álagsstuðli fyrir ISDN aðgang, þar sem POTS aðgangur er með stuðulinn 1, ISDN grunntenging stuðulinn 1,8 og ISDN stofntenging stuðulinn 15.

Síminn miðar við fjölda porta í notkun þann 30. júní 2013 en þá voru alls um [...] port í notkun eða sem samsvarar um [...] portum umreiknað í ígildi POTS porta. Um er að ræða u.þ.b. [...] fækkun ígilda frá árinu 2010.

3.2.5 Niðurstaða um gjaldskrá

Síminn hefur í greiningu sinni tekið tillit til þeirrar aðferðarfræði sem beitt var í ákvörðun PFS nr. 21/2011 og 19/2011. Árlegur kostnaður fyrir aðgang að talsímaneti félagsins hefur að stærstum hluta verið endurmetinn miðað við núverandi forsendur og verðlag, og rekstrarkostnað ársins 2013. PFS telur eðlilegt í þessu samhengi að miða við fjölda aðgangslína í notkun á miðju ári 2013, en fjöldi porta í notkun hefur farið fækkandi á undanförunum árum samhliða minnkandi notkun á talsímaneti Símans.

Eins fram kemur hér að framan þá byggir gjaldskrá Símans í meginráttum á kostnaðargreindum portaverðum, útseldri vinnu tæknimanna, svo og endursölu á heimtaugum Mílu.

PFS samþykkir að 20%⁴ umsýsluþóknun sé lögð á heimtaugaleigu Mílu og er hún innifalin í verðum Símans.

Endursala felur í sér umsýslu sem hefur kostnað í för með sér. Eftirfarandi er dæmi um þá þjónustu sem veitt er af endursala og kostnað sem getur fallið til:

- Sölu- og sölukostnaður.
- Reikningssamband við viðskiptavini og fjármögnun viðskiptakrafna.
- Afskrift viðskiptakrafna.
- Annars stigs þjónusta við viðskiptavini.
- Upplýsingakerfi.
- Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (t.d. húsnæðis-, skrifstofu- og launakostnaði).
- Samtenging neta.

PFS telur að ef horft er til þess munar á kostnaði sem er á milli heildsölu og smásölu, m.a. vegna þjónustustigs, samtenginga, sölu-, húsnæðis- og launakostnaðar, geti stofnunin tekið undir að framangreint viðmið sé hæfilegt í þessu sambandi. Þetta er jafnframt í samræmi við fyrri framkvæmd, sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2011 varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki og ákvörðun PFS nr. 35/2011 vegna kostnaðargreiningu leigulína. Í næstu kostnaðargreiningu á þessum markaði skal framkvæma kostnaðarmat vegna framangreindra þátta (tímamælingar o.þ.h.) og það mat skal þá lagt til grundvallar í útreikning á gjaldskrá frekar en föst prósentu álagning á heimtaugaleigu Mílu.

Metinn árlegur kostnaður vegna aðgangs að talsímaneti Símans er alls [...] kr., þar af eru um [...] vegna fjárfestinga og um [...] vegna rekstur, þ.e. leigu á húsnæði, tengigrindum o.fl. Árlegum kostnaði er deilt niður á allar tekjuskapandi einingar.

Að öllu framangreindu virtu samþykkir PFS að endurskoðuð kostnaðargreining Símans verði lögð til grundvallar við ákvörðun á heildsöluverðum fyrir aðgang að talsímaneti félagsins.

[...]

Niðurstaða Símans um aðgangsverð felur í sér eftirfarandi breytingar á verðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti Símans fyrir heimili og fyrirtæki. Portagjald hækkar því um rúmlega 10%

⁴ Um getur verið að ræða 10-14% af heildarverði viðkomandi þjónustu þar sem heimtaug er innifalin.



frá fyrri greiningu, en hins vegar hækka gjöld fyrir aðgang að símstöð (FFER) um 1,6% (POTS) þar sem áður hafði verið tekið tillit til hækkana á heimtaugaleigu í verði.

Heildsöluverð Símans fyrir aðgang að porti í símstöð - verð á mánuði

<i>Aðgangleið</i>	<i>Nýtt verð</i>	<i>Núverandi verð</i>	<i>Breyting</i>
POTS (per port í stöð)	250 kr.	227 kr.	10,1%
ISDN grunntenging	450 kr.	408 kr.	10,3%
ISDN stofntenging 30 rásir	3.750 kr.	3.402 kr.	10,2%

Heildsöluverð fyrir aðgang að símstöð (FFER) – verð á mánuði

<i>Aðgangleið</i>	<i>Port</i>	<i>Heimtaug</i>	<i>Álagning</i>	<i>Samtals</i>
POTS aðganglína/port í stöð	250 kr.	1.042 kr.	208 kr.	1.500 kr.
ISDN grunntenging	450 kr.	1.042 kr.	208 kr.	1.700 kr.
ISDN stofntenging 30 rásir	3.750 kr.	4.527 kr.	905 kr.	9.182 kr.

Afsláttur fyrir POTS tengingar (port í símstöð) verður með sama hætti og er í núverandi samtengisamningi (sjá lið 4.4.1) eða allt að 10,3%.

<i>Fjöldi tenginga</i>	<i>Mánaðargjald með afslætti</i>	<i>Afsláttur</i>
0 - 999	1.500	0,00%
1.000 - 1.999	1.437	4,20%
2.000 - 2.999	1.424	5,10%
3.000 - 3.999	1.404	6,40%
4.000 – 4.999	1.379	8,10%
5.000 og fleiri	1.346	10,30%

Önnur verð eru sem hér segir.

Kostnaður tæknisviðs vegna vinnuþáttar hækkar um rúm 30% frá fyrri greiningu, en hafa ber í huga að viðmiðunartaxti hafði verið óbreyttur frá árinu 2008 á sama tíma og launavísitala hækkaði um 26% frá árinu 2010 og 38% frá árinu 2008. Í næstu kostnaðargreiningu á þessum markaði skal Síminn taka þá þjónustuþætti sem byggja á tímamælingum til sérstakrar endurskoðunar og skal sú endurskoðun ná til allra vinnuþátta. Eins og fram kemur í viðauka II þá er Síminn að innleiða sjálfvirka ferla og skal fyrirtækið því taka tillit til hagræðis sem af því kann að hljótast við næstu endurskoðun á gjaldskrá Símans.

**Fast forval (FF- sjálfgefið forval), tl. 4.3****4.3 Fast forval (FF-sjálfgefið forval)**

Tengigjald	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Tegund þjónustu				
Fast forval innanlands		1.294 kr.		1.294 kr.
Fast forval til útlanda		1.294 kr.		1.294 kr.
Fast forval innanlands og til útlanda í sömu beiðni		1.294 kr.		1.294 kr.
Mánaðargjald fyrir 100 tengingar eða meira í einu (50% afsláttur)		647 kr.		647 kr.

Flýtigjald 200 kr. breytist ekki.

Fast forval - einn heilstæður reikningur (FFER), tl. 4.4

Síminn reiknar út verð fyrir aðgang að símsstöð fyrir fast forval einn heilstæður reikningur (FFER) þar sem tekið hefur verið tillit til leigu á neðra tíðnisviði heimtaugar frá Mílu auk álagningar. Auk hækkunar portaverðs hækkar aðgangsverðið einnig vegna hækkunar Mílu á heimtaugum um rúmlega 13% á árunum 2011-2013, sem Síminn hafði áður tekið tillit til í núverandi verðskrá. Hækkun á aðgangi að talsímalínu er því frá 1,6% til 4,0% miðað við núverandi verð og eru nýju verðin eftirfarandi.

4.4.1 Innvöl og stofntengingar**Mánaðarverð**

Innvöl og stofntengingar	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Innan símsstöðvar	4.527 kr.	3.750 kr.	905 kr.	9.182 kr.
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símsstöðvar	13.987 kr.	3.750 kr.	2.797 kr.	20.534 kr.
Mánaðargjald stofntenging ISDN (30rásir) Milli símsstöðvar km	546 kr.	- kr.	109 kr.	655 kr.

Önnur þjónustugjöld - mánaðarverð

Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Beint innval - númerasería		32 kr.		32 kr.
FFER - aukánúmer		66 kr.		66 kr.
Sundurliðun pr. númer		636 kr.		636 kr.

4.4.1 Fast forval einn heilstæður reikningur (FFER)**Mánaðarverð**

Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Fast forval (FF) breytt í FFER		1.294 kr.		1.294 kr.
POTS eða ISDS breytt í FFER		1.294 kr.		1.294 kr.
FFER breytt í fast forval (FF)		1.294 kr.		1.294 kr.
Breyting sérþjónustu		1.294 kr.		1.294 kr.
Magnjald fyrir 100 tengingar eða meira í einu (50% afsláttur)		647 kr.		647 kr.



4.4.2 Innvöl og stofntengingar Stofngjöld

Innvöl og stofntengingar	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Stofngjald Stofntenging ISDN	73.063 kr.	12.635 kr.		85.698 kr.
Stofngjald BI 100 númer		12.749 kr.		12.749 kr.
Stofngjald BI 10 númer		3.506 kr.		3.506 kr.
Stofnverð PBX		5.054 kr.		5.054 kr.
Stofnverð fyrir hverja línu í PBX		632 kr.		632 kr.

Önnur þjónustugjöld - stofngjöld

Tegund þjónustu	Verð frá Mílu	Kostnaður tæknisviðs	Álagning	Heildsöluverð
Viðtökugjald númeraseríu		6.362 kr.		6.362 kr.
Viðtökugjald talsíma umframr.		160 kr.		160 kr.
Stofngjald sundurgreining notkunar á innvali		5.719 kr.		5.719 kr.

Sjá gjaldskrá í meðfylgjandi viðauka I.

Hin nýja gjaldskrá Símans tekur gildi næstu mánaðamót eftir birtingu ákvörðunar þessarar, enda hefur gjaldskráin verið birt með þeim fyrirvara sem kveðið er á um í 4. kafla viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta.

Ekki hafa verið gerðar breytingar á gjaldskránni eins og hún var samþykkt til kynningar á heimasíðu stofnunarinnar í innanlandssamráði þann 22. desember 2014 og samráði við ESA þann 24. apríl sl.



ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða kostnaðargreiningu Símans hf., dags. 21. maí 2014, á heildsölumarkaði fyrir aðgang að talsímaneti félagsins.

Einingarverð skulu vera eins fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa. Aðrir skilmálar í verðskrá breytast ekki.

Hin nýja gjaldskrá Símans hf. skal taka gildi um næstu mánaðarmót frá birtingu ákvörðunar þessarar.

Hin nýja gjaldskrá Símans hf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins um samtengingu talsímaneta frá sama tíma.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 1. júní 2015.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri.

Óskar Þórðarson.

Viðauki I: Gjaldskrá Símans hf.

Viðauki II: Niðurstöður úr samráði um drög að ákvörðun PFS varðandi kostnaðargreiningu Símans hf. á heildsöluverðum fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki.

Viðauki III: Álit ESA.